

Ferðasvæði Kjölur

Útgáfa: 18. nóv. 2009 RÓ

Svæði Kjalar miðað við hagsmuni ferðapjónustu og útivistar nær þannig frá línu sem dregin er frá Hvítá nokkuð ofan við Gullfoss til vesturs, ofan við og samsíða línuveginum, að Mosaskarði til Hagafells og í Langjökul. Með eystri brún Langjökuls norður á móts við fjallið Krákur. Þaðan í Krákur og í Áfangafell við suðvesturhorn Blöndulóns og síðan meðfram suðurströnd Blöndulóns til Blöndutjarna og þaðan til suðurs eftir Blöndu og Eyfirðingakvísl að Blöndujökli í Hofsjökli. Þaðan eftir vestari brún Hofsjökuls til suðurs og síðan eftir suðurbrún hans til austurs allt að Blautukvíslarjökli. Þaðan til suðurs austan fjallakofans Setrið að ánni Kisu á Fjórðungssandi og þaðan til vesturs í Rjúpnafell. Síðan til suðvestur eftir Illaversöldu og í Geldingafell rétt norðan línuvegarins. Þaðan norðan línuvegar í Hvítá. Síðan er tunga til suðurs meðfram Hvítá suður fyrir Brúarhlöð, 100 m hvoru megin ár.

Ferðasvæðið skiptist síðan í undirsvæði talið réttsælis frá Gullfossi:

1. Hagavatn. Mörk aðalsvæðis að sunnan og vestan. Að norðan í mitt Hvítárvatn og útfall Hvítár og að austan í Hvítá.
2. Hrútfell. Mörk aðalsvæðis að vestan. Mörk Hagavatnssvæðis að sunnan. Allt norður að Blöndulóni. Að Kjalvegi að austan. Hveravellir tilheyra bæði Hrútfelli og Kjalvegi.
3. Kjalvegur. Sjálfur vegurinn nr. 35 allt frá Hvítá við Bláfell norður að Blöndulóni. Að austan markast svæðið af Köldukvísl allt norður til ósi Fremri Ásgarðsár og þaðan norður í Blöndujökul í Hofsjökli. Þaðan mörk aðalsvæðisins allt norður til Blöndulóns. Hveravellir tilheyra bæði þessu svæði og Hrútfelli.
4. Kerlingarfjöll. Frá mótum Jökulkvíslar og Fremri Ásgarðsár vestan Mosfells til norðurs að Blöndujökli í Hofsjökli. Þaðan fylgja mörkin mörkum aðalsvæðisins að austan og sunnan allt að Rjúpnafelli. Frá Rjúpnafelli í Litla Leppi og Klakkstungu og þaðan að mótum Jökulkvíslar og Fremri Ásgarðsár vestan Mosfells.
5. Hrunamannaafréttur. Markast af Hvítá að vestan allt að ósi Fremri Ásgarðsár. Þaðan eftir mörkum undirsvæðis Kerlingarfjöll allt að Rjúpnafelli og síðan af mörkum aðalsvæðis að austan og sunnan.
6. Gullfoss. Ræman beggja vegna Hvítár frá línuveginum norðan Gullfoss suður fyrir Brúarhlöð.